

VESTURLANDS VAKTIN

Hollvinasamtök
Heilbrigðisstofnunar
Vesturlands

Kæru vinir

Akranesi 5. október 2025

Söfnun á BiPAP öndunaraðstoðarvélar

Frá stofnun Hollvinasamtaka Heilbrigðisstofnunar Vesturlands kom vel í ljós að íbúar á Vesturlandi hafa sterkar skoðanir á mikilvægi heilbrigðisþjónustunar og að hún skipti megin máli sem hornsteinn góðra búsetuskilyrða.

Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) hafa í gegnum tíðina unnið að því að bæta heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa á Vesturlandi. Með framlögum frá fyrirtækjum, félagasamtökum og tæplega 300 félögum í samtökunum höfum við hingað til afhent tæki og búnað að andvirði rúmlega **82 milljóna króna**, sem hefur skipt sköpum í þjónustu við sjúklinga.

Ár	Afhent	Tæki	Staðsetning	Fjárhæð
2015	25. apríl	Sneiðmyndataeki – Siemens Somatom Perspective 32	Myndgreiningardeild HVE Akranesi	
	7. nóv.	8 sólarhringsblóðþrýstingsmælar, ásamt hugbúnaði	HVE Akranesi, Borgarnesi, Búðardal, Grundarfirði, Hólmavík, Hvammstanga, Ólafsvík og Stykkishólmi	49.032.316
2016	30. júní	Gæslutæki – Connex CSM með puls-, súrefnis-, blóðþrýstings- og eyrnahtamælingu	HVE Borgarnesi	1.655.084
	30. júní	Blöðruómskoðunartæki	Skurð- og svæfingardeild HVE Akranesi	
2017	1. apríl	Skuggaefnisdæla fyrir sneiðmyndatökur	Myndgreiningardeild HVE Akranesi	11.971.278
	1. apríl	Skurðstofustæða	Skurð- og svæfingardeild HVE Akranesi	
2018	28. apríl	Öndunarvél BiPAP ásamt fylgihlutum	Lyflæknadeild HVE Akranesi	2.657.234
2019 til 2022	Ýmsar	Samtals 28 Sjúkrarúm af gerðinni Eleganza 2 og Latera Thema	HVE Akranes, Borgarnes, Stykkishólmi	17.171.333
Samtals				82.487.245

Viljum við með þessu bréfi bjóða þér að styðja við kaup á BiPAP vél sem að mati stjórnenda HVE forgangs verkefni í tækjakaupum stofnunarinnar. Styrktaraðila verður getið við afhendingu og í tilkynningu til fjölmiðla. Nafnlaus framlög eru einnig möguleg.

Hægt er að leggja frjáls framlög inná reikningsnúmer Hollvinasamtaka HVE 0326-22-000834 kt. 510214-0560.

BiPAP (Bilevel Positive Airway Pressure) er öndunaraðstoðarvél sem hjálpar sjúklingum með öndunarvanda. Hún blæs lofti inn í lungun með tveimur þrýstingsstigum – hærri þrýstingi við innöndun og lægri við útöndun.

Hverjir nota BiPAP?

- Sjúklingar með alvarlega lungnasjúkdóma (t.d. langvinna lungnateppu).
- Fólk sem á erfitt með öndun eftir sýkingar, slys eða aðgerðir.
- Í bráðatilfellum á sjúkrahúsi til að koma í veg fyrir að grípa þurfi strax til öndunarvélar.

Ávinningurinn:

- Getur stytt sjúkrahúslegu.
- Minnkar líkur á að sjúklingar þurfi að fara á öndunarvél.
- Bætir líðan og öryggi sjúklinga með öndunarvanda.

Þannig er BiPAP tæki í raun lífsnauðsynlegt hjálpartæki fyrir þá sem þurfa tímabundna eða viðvarandi öndunaraðstoð.

Stjórn Hollvinasamtaka HVE treystir á að fyrirtæki leggi verkefninu lið eins og kostur er. Með samstilltu átaki geta íbúar og fyrirtæki stuðlað beint að öflugri heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi þannig að eftir verði tekið.

F.h. Hollvinasamtaka HVE

Sævar Freyr Þráinsson 860 7701

Ingibjörg Valdimarsdóttir 842 6700

Helga Fríða Tómasdóttir 891 8526

Ólafur Adolfsson 897 5059

Skúli G. Ingvarsson 864 1770